

Skýrsla stjórnar USVH 2024



Árið 2024 hjá Ungmennasambandi USVH er að baki. Í þessari yfirferð verður farið yfir það markverðasta úr starfi sambandsins á starfsárinu.

Þann 19 mars var 83. héraðsþing USVH haldið í félagsheimilinu á Hvammstanga og var það Hestamannafélagið Þytur sem sá um skipulagningu þess. Þangað komu góðir gestir, Viðar Sigurjónsson fyrir hönd ÍSÍ og Auður Inga Þorsteinsdóttir fyrir hönd UMFÍ.

Á þinginu var lögð fram starfsskýrsla ársins 2023 ásamt reikningi og fjárhagsáætlun. Gögnin voru rædd í viðeigandi nefndum og samþykkt samhljóða. Fjárhagur sambandsins er traustur og eignastaða góð. Kosið var um formann og meðstjórnanda. Sveinbjörg Rut Pétursdóttir var kjörinn formaður til tveggja ára og Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir sem meðstjórnandi til tveggja ára. Þrír varamenn voru kosnir til eins árs; Pálmi Geir Ríkharðsson, Valdimar Gunnlaugsson og Reimar Marteinnsson. Ingibjörg Jónsdóttir og Kristín Ólafsdóttir voru kosnar skoðunarmenn til eins árs og Þórdís Helga Benediktsdóttir skoðunarmaður til vara til eins árs. Fyrir voru í stjórn Halldór Sigfússon varaformaður, Sara Ólafsdóttir ritari og Ómar Eyjólfsson gjaldkeri. Heiðrún Nína Axelsdóttir lét af störfum sem framkvæmdastjóri í lok árs og kunnum við henni

bestu þakkir fyrir samstarfið síðustu ár. Anton Scheel Birgisson tók við sem framkvæmdastjóri um mánaðamótin nóvember/desember. Anton er ekki ókunnugur starfi USVH en hann starfaði sem framkvæmdastjóri sambandsins árin 2019-2020.

Stjórn USVH hittist mánaðarlega á skrifstofu sambandsins eða í gegnum fjarfundarbúnað. Málefni fundanna voru flest tengd hefðbundnum rekstri sambandsins. Ómar Eyjólfsson, gjaldkeri USVH, sótti 45. sambandsráðsfund UMFÍ sem haldinn var í félagsheimilinu Þinghamri á Varmalandi í Borgarfirði laugardaginn 12. október 2024. Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, formaður USVH, sótti formannafund ÍSÍ sem haldinn var 22. nóvember 2024 í hátíðarsal Knattspyrnufélagsins Þróttar í Laugardal.

Fastir liðir í starfi sambandsins voru með svipuðu sniði og undanfarin ár. Auglýsingadagatalið kom út í upphafi árs og 45. árgangur Húna kom út um vorið. Húni er að vanda veglegur og skemmtilegur til aflestrar. Stjórn USVH vill færa ritnefnd Húna kærar þakkir fyrir þeirra fórnfúsa og góða starf. Ritnefndina skipa Guðmundur Haukur Sigurðsson, Jónína Sigurðardóttir, Karl Friðriksson og Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir. Landsmót UMFÍ 50+ var haldið 6. – 9. júní 2024 í Vogum á Vatnsleysuströnd. Alls mættu þar um 20 manns sem kepptu undir merkjum USVH og stóðu sig öll glæsilega. Flestir tóku þátt í boccia og Ringó en líka voru keppendur í frjálsum íþróttum, frísbígolfi og stígvélakasti. Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Borgarnesi um verslunarmannahelgina og tóku þar þátt nokkur ungmenni undir merkjum USVH. Alltaf er mikið fjör á ungingalandsmótum en þar er hægt að keppa í alls kyns greinum.

USVH stóð fyrir þríbraut sem haldin var föstudaginn 26. júlí. Í flokki 14 ára og yngri mætti 1 lið til keppni og fóru þær að sjálfsögðu í gegnum þríbrautina. Í flokki 15 ára og eldri mættu þrjú lið sem buðu upp á æsispennandi keppni. USVH vill þakka öllum sem komu að skipulagningu og framkvæmd keppninnar, þátttakendum sem og þeim fjölmörgu sem mættu til að hvetja keppendur og síðast en ekki síst styrktaraðilum þríbrautarinnar.

Í lok árs var svo íþróttamaður ársins hjá USVH kjörinn. Tilnefnd voru Elvar Logi Friðriksson, Guðmar Hólm Ísólfsson Líndal, Saga Ísey Þorsteinsdóttir og Hilmir Rafn Mikaelsson. Hilmir Rafn var kjörinn íþróttamaður ársins. Stjórn USVH óskar Hilmi innilega til hamingju með viðurkenninguna og þakkar öllum sem voru tilnefndir fyrir sitt framlag til íþróttalífsins. Þetta ár sýnir enn og aftur hversu öflugt og fjölbreytt íþróttastarf á sér stað í Húnaþingi vestra og við hlökkum til að fylgjast með áframhaldandi afrekum okkar frábæra íþróttafólks.

F.h. stjórnar USVH
Sveinbjörg Rut Pétursdóttir
formaður USVH